



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Bankahrunið í sögulegu ljósi

Hannes H. Gissurarson prófessor
Hádegisfyrirlestrar Sagnfræðingafélagsins
Þjóðminjasafninu, 17. október 2017

Ótrúlegt áfall: Siðrof



Horfur afleitar: Þjóð í skuldafangelsi



Rannsóknarnefnd Alþingis 2010



Niðurstaða RNA

- „Bankarnir uxu of hratt og urðu of stórir fyrir landið“
- Ekki beinlínis röng niðurstaða, en ófullkomin
- Stærð bankanna umfram getu seðlabanka og fjármálaráðuneytis til hjálpar nauðsynlegt skilyrði bankahrunsins
- En ekki nægilegt skilyrði: Brothætt kerfi þarf ekki að brotna
- UBS Sviss, RBS Skotlandi, Danske Bank Danmörku hefðu allir hrunið, hefðu þeir ekki fengið hjálp: Af hverju fékk Ísland ekki hjálp?


Fimm ákvarðanir erlendis

1. Erlendir vogunarsjóðir einbeittu sér að Íslandi: veikasta dýrið í hjörðinni
2. Evrópskir seðlabankar ákváðu 4. maí 2008, að Íslandi yrði ekki bjargað, gramir þeim fyrir innlánasöfnun og lán út á ástarbréf: fjallalömb, ekki dilkar
3. Bandaríkjamenn misstu áhugann á Íslandi
4. Bretar ákváðu að loka tveimur breskum bönkum, en bjarga öllum öðrum breskum bönkum
5. Bretar ákváðu að beita hryðjuverkalögum gegn Íslandi og setja það á sama lista og Norður-Kóreu og Súdan

Úlfarnir ráðast saman á veikasta dýrið




Skuldatryggingarálag (CDS) íslensku bankanna, 2005–6



Heimild: Skýrsla RNA, 2. b. 7. k.

Skuldatryggingaálag íslensku bankanna, 2006–8



Heimild: Skýrsla RNA, 2. b., 7. k.

ESB um Ísland: fjallalamb, ekki dilkur



Ákvörðun evrópskra seðlabanka

- Fullnaðarákvörðun líklega í kvöldverði seðlabankastjóra G-10 ríkjanna Basel 4. maí
- Tvær meginástæður:
 1. Íslensku bankarnir söfnuðu innlánnum og ógnuðu innlánatryggingakerfum Evrópu
 2. Íslensku bankarnir útveguðu sér lausafé frá Seðlabanka Evrópu í óþökk hans
- Auk þess vildu Evrópuríki ekki, að Ísland yrði fjármálamiðstöð, sbr. fundargerðir Englandsbanka
- Íslensku bankarnir ósjálfbærir án utanaðkomandi aðstoðar. Hvar voru Bandaríkin og Bretland?

„Bandaríska öldin“ í sögu Íslands

- Hugmynd um að kaupa Ísland og Grænland hlegin niður 1868 í Bandaríkjaþingi
- Lenín benti 1920 á hernaðargildi landsins vegna flugvéla og kaþbáta
- Bandaríkjamenn fá áhuga á Íslandi, gera hverndarsamning 1941 og varnarsamning 1951
- Ísland í skjóli Bandaríkjanna 1941–2006
- Fékk Marshall-aðstoð og lánsfjárfyrirgreiðslu og gat fært fiskveiðilögsöguna út þrátt fyrir andstöðu Breta

Fiskveiðilögsagan frá 1975



Lok Bandarísku aldarinnar

- Uppgangur Asíulanda, hrun Ráðstjórnarríkjanna 1991 og hryðjuverkaárásin 2001 breyttu viðhorfum
- Ísland aðhlátursefni í bandaríska seðlabankanum 2006
- Þrisvar neitað um gjaldeyrisskiptasamninga 2008, á meðan Norðurlönd og Sviss fengu slíka samninga
- Nöfn annarra (Indlands, Indónesíu) máð út úr birtum fundargerðum, ekki Íslands
- Stjórn málaákvarðanir, líka sú ákvörðun að fela skriffinnum að meta lánshæfi landa
- Of stór biti? Hvað eru \$10 milljarðar milli vina?

Ísland og Bretland í aldanna rás



- 1412 fyrsta fiskiskútan
- Danakóngur bauð Hinrik VIII. Ísland þrisvar, en árangurslaust
- Bretastjórn fór ekki að tillögu Sir Josephs Banks um að taka Ísland
- 1814 krafðist Svíþjóð ekki Íslands með Noregi
- Afstaða Breta: Vildu ekki Ísland, en vildu ekki önnur stórveldi þar
- Afskiptin 1914–18 og hernámið 1940 í samræmi við það

1941: V-merki Churchills í fyrsta sinn



2007: Baráttan um Skotland harðnar



Skotland vígi Verkamannaflokksins

- Gordon Brown og Alistair Darling báðir frá Skotlandi
- Uppgangur þjóðernissinna áhyggjuefni þeirra
- Áróður þjóðernissinna: „Velmegunarboginn“ frá Írlandi um Ísland til Noregs
- Skosku stórbankarnir, RBS og HBOS, í miklu meiri erfiðleikum en Barclays og HSBC
- Stæk óvild Browns og Darlings í garð Íslendinga; mörg dæmi í bók Darlings
- Íslensku bankarnir inn á borð Browns 1. júlí 2008, eftir fyrirspurn um innstæðutryggingar í breska þinginu

Lokun og björgun breskra banka

- Frá júlíbyrjun og fram í septemberlok harðna kröfur Fjármálaeftirlitsins, FSA, til Landsbanka vegna Icesave
- Hefði verið lítið mál að leyfa Landsbanka að færa helming eigna 2008 og helming 2009 á móti Icesave-innstæðum; Englandsbanki á sama tíma leynilega að bjarga öðrum bönkum
- Í miðri alþjóðlegri kreppu gefa Brown og Darling sér tíma til að hringja í íslenska ráðherra vegna tilhæfulausra ásakana
- Heritable og KSF lokað 7.–8. október, en öðrum breskum bönkum bjargað með £500 milljarða aðgerðum
- Mismunur : Hvar var framkvæmdastjórn ESB? Af hverju hóf hún ekki rannsókn á gerðum Breta?

Misnotkun hryðjuverkalaganna

- Tilskipun FSA til útibús Landsbankans 3. október kom í veg fyrir allar ósamþykktar millifærslur
- Barclays var látinn vita af tilskipuninni
- Engin kerfislæg áhætta
- Greinileg misnotkun hryðjuverkalaganna
- „Til minnkunar fyrir Breta“ sagði Mervyn King við mig



Fjórar flugur í einu höggi


1. Brown og Darling gátu virst harðskeyttir gæslumenn breskra hagsmuna án teljandi áhættu
2. Þeir gátu leitt athyglina frá því, að björgunaraðgerðir þeirra voru í raun aðeins við skosku stórbankana, RBS og HBOS (sem Brown hafði neytt Lloyds til að kaupa)
3. Þeir gátu sýnt Skotum, að „velmegunarboginn“ var orðinn „gjaldþrotabogi“, enda vann Verkamannaflokkurinn aukakosningu í Skotlandi skömmu síðar
4. Fengu tak á Íslendingum í Icesave-deilunni; fróðlegt að bera saman framkomu Browns, Þjóðverja og Svía

Í ljósi sögunnar

- Þúkídídes skráði samtalið Ápeninga og Meleyinga: „Sá ríkari hlýtur að ráða, en sá lægri að lúta, en réttlæti manna á meðal þar aðeins, er jafningjar eigast við.“
- Lönd eiga ekki vini; þau hafa hagsmuni
- Ísland lítið land á hjara veraldar og á ekkert undir sér
- Danir sátu uppi með það eftir gjaldþrot Noregs. Enginn hefur viljað það, nema eitt stutt tímabil, 1941–2006

Eggert Ólafsson 1758

Fyrr þín gæði fýsileg
fjöldi sótti þjóða,
nú vill enginn eiga þig,
ættarjörðin góða.



Og þó: Lán í óláni




Hvað sýna tölur níu árum síðar?

- Glitnir Noregi, Glitnir Finnlandi, FIH banki hirtir með aðstoð stjórnvalda á smánarverði
- Uppgjör Heritable og KSF í Bretlandi eðlileg: 98% og 87% heimtur
- Allar innstæður greiddar
- Endurheimtuhlutfall skuldabréfa 29%, en í BNA 24%
- Rangt að tala um „þriðja mesta gjaldþrot“ sögunnar: Þrjú fyrirtæki, og €65 mia., ekki €115 mia.
- Lausafjárskortur eða eiginfjárvandi? Álitamál

Ísland varð ekki harðar úti en önnur evrópsk smáríki

Árlegar hlutfallsbreytingar á VLF, 2000–16



Heimildir: Alþjóðabankinn til 2015; áætlað fyrir 2016: Hagstofur Íslands og Írlands og IMF Economic Outlook fyrir Eistland og Litáen.

Nefjólfssonum jókst um skeið fylgi ...

- Þórarinn Nefjólfsson 1024: rak erindi konungs
- Vilhjálmur frá Sabína 1247: „ósannlegt, að land það þjónaði ekki undir einhvern konung sem öll önnur lönd“
- Rousseau 1754: Íslendingar villimenn, drukkna á sundi
- Marx og Engels 1846 og síðar: Íslendingar ein hinna úreltu þjóða, sem verða að víkja, *Volkerabfälle*
- Georg Brandes 1906: skopaðist að sjálfstæðistilburðum Íslendinga, líkti Íslandi við Amager
- Alfred Cobban 1944: Ísland þarf skjól, samband við stærra og auðugra ríki
- Eftir bankahrunið: Sumir misstu móðinn, gengu í lið Nefjólfssona

... en Íslendingar áttu sín svör

- Einar Þveræingur svaraði Nefjólfssoðum: konungar misjafnir, best að hafa engan
- Staðarhóls-Páll: Lýt hátigninni, en stend á réttinum
- Jón Sigurðsson í *Hugvekju til Íslendinga*:
 1. Íslendingar frá öndverðu verið sjálfstæð og fullvalda þjóð
 2. Íslendingar sérstök þjóð með eigin tungu og menningu
 3. Íslendingar vita betur en aðrir, hvað þeim er sjálfum fyrir bestu

Stoltir án þess að vera hrokafullir



Eftir vonbrigðin: Atlantshafskosturinn



Lyftum heitum höndum ver ég ...

- Eigum sálufélag við Egil og Snorra, Hallgrím og Jónas, eigum eitthvað dýrmætt, sem gerir okkur að því, sem við erum, gerir okkur stór í smæð okkar
- Á þetta sálufélag reyndi í bankahruninu og Icesave-deilunni, þegar Nefjólfsynir fóru á kreik. Nú áttu við orð skáldsins:

Land, þjóð og tunga, þrenning sönn og ein,

þér var ég gefinn barn á móðurkné;

ég lék hjá þér við læk og blóm og stein,

þú leiddir mig í orðs þíns háu vé. ...

Ísland, í lyftum heitum höndum ver

ég heiður þinn og líf gegn trylltri öld.

